Umhverfisstofnun | Suðurlandsbraut 24 | Tel: +354 591-2000 | www.umhverfisstofnun.is
Environment Agency of Iceland | IS - 108 Reykjavík | Fax: +354 591-2020 | ust@umhverfisstofnun.is

Norðurál ehf
Grundartanga
301 Akranes

Umhverfisstofnun
Ab.
23. jan. 2014
Tilv.

UMHVERFISSTOFNUN

Akureyri, 22. janúar 2014
Tilvísun: UST20130800011/gsá

**Staðfesting á úrbótum móttekin - máli lokið**

Umhverfisstofnun vísar í bréf með eftirlitsskýrslu dagsett 2. desember 2013 þar sem fram kom frávik hjá **Norðurál ehf., Grundartanga** við reglubundið eftirlit þann 31. október sl., hvað varðar að sólarhringsstyrkur SO2 mælist 15 sinnum yfir gróðurverndarmörk á árinu 2012 og 21 sinnum yfir gróðurverndarmörkum árið 2011.

Þann 28. nóvember sl. barst Umhverfisstofnun skýrsla frá rekstraraðila þar sem fram kemur að samkvæmt dreyfilíkani sem unnið var af verkfræðistofunni Vatnaskilum má rekja SO2 losunina fyrst og fremst til brennisteinsdioxiðs frá reykhreinsivirki Elkem og því eðlilegt að mótvægisaðgerðir komi frá þeim.

**Umhverfisstofnun staðfestir móttöku þessarar skýrslu og lítur svo á að þetta séu fullnægjandi úrbætur. Eftirfylgnimáli sem hófst með bréfi 2. desember sl. telst nú lokið.**

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 446/2012.

Virðingarfyllst

Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri

G. Stella Árnadóttir
Guðbjörg Stella Árnadóttir
Sérfræðingur

**Afrit:** Heilbrigðisnefnd Vesturlands